

3. TÖLUBLAD 30. NOV. 1992

MÁLGAGN STJÓRMÁLAFRÉDINEMA

GÓDUR ÁRGANGUR

THE POLITICAL

KENNARAR FRU NEFNDIR

RITSTJÓRA-VÆLUD
skammdægls-pistill

FRAEGLI STJÓRNMÁLA-
FRÆDINGURTINN
komst ekki að

VÍSTINDAFERD
STÖÐ 2 veittil vel

FORMANNSHUGVEKJA
hvadö er á döflum?

BRANDARAR
loksins

JÓLA-LETUN
hvadö á að gera í frífinu?

BRUSSEL-FERDIN
hvadö er í gangi?

DJAMMI-MYNDIR
loksins, loksins

TETKNIMYNDIR

Dr. STEFANIA OSKARSDÓTTIR
STUNDAKENNARI

Dr. BALDUR ÞORHALLSSON
STUNDAKENNARI

PROFÍN NÁLGAST
allar upplýsingar hér

SANDRYKKJA MED
SÁLFREÐI
Gummi Skarp með
sögullegan pistill um
Stjórnmálasálfreði

FRAMHALDSSAGAN
er daud...

SMÁSAGAN
tekur við

LIJÓÐ
nei

STÚDENTAUPPSKRIFTIN
ekkert venjulegt

FLEXGAR SETNINGAR
útum allti

KENNARI ER NEFNDUR

Hann Baldur er yngsti kennarinn í stjórmálafræðinri en hann er samt doktor. Hann talar brelt og ákveðið og hefur ákveðin til að klára setningar, þar sem hann slær þær fast í botninn og brosir svá. Þá skelihlaer maður alltaf. En huidan kemur þessi töffari?

STUTT Á EVIÁGRIP TAKK,

Ég lauk Grunnskólanum á Hellu árið 1984 og Menntaskólinn að Laugarvatni árið 1988 þar sem frábært var að vera í heimavist í fjögur ár. Svo fór ég strax í Háskólanum 1988 og útskrifaðist 1991 úr stjórmálafræði. Þá var ég að hugsa um að taka fjölmíðlafræði eða hagfræði til 30 eininga, en svo sá ég auðvitað hvað stjórmálafræðin var skemmtileg og var því fljótur að hætta við það og tók hana því til 90 eininga og fór í öll skemmtilegu valfögin.

Síðan var ég í Masters-námi við Háskólanum í Essex sem er rétt fyrir norðan London í bænum Colchester og þar tók ég Masters-próf árið 1993. Fór strax í Doktorsnám og var að ljúka því í sumar.

Hvaðan kemur stjórmálafræðiáhuginn?

Ég held ég hafi verið búinn að ákveða það strax við lok grunnskólanáms eða í byrjun menntaskólanáms að mig langaði að fara í stjórmálafræði. Ástæðan var líklega sú að ég hafði mikinn áhuga á stjórmálum. Það var mikil rætt um stjórmál heima og ég hef allt síðan ég man eftir mér fylgst með fréttum og umræðubátum í sjónvarpi. Ég hugsa að ég hafi jafnvel verið betur inní öllum þjóðmálaumræðum á unglingsárumum heldur en ég eru nú! Öll stjórmálaumræða heillaði mig, bæði hér heima og ekki síður erlendis, því á menntaskólaárunum var Kalda Stríðið í algleyningi og

maður eyddi ófáum kvöldum í að öskra sig hásan á Laugarvatni við að rifast um stjórmál.

Varstu róttækur þegar þú varst í Háskólanum?

Ég er róttækari í dag! En fyrst og fremst hlakkaði ég til að taka þátt í stúdentapólitíkinni þegar ég kom í Háskólanum og fannst það mjög spennandi. Ég fór strax á fullt í starfi Vöku og eyddi örugglega meiri tíma upp í Stúdentaráði og Vökuheimili en ég eyddi við námið. Þá var ég bæði ritstjóri

Dr. BALDUR PÓRHALLSSON

Síðasti Vökumaðurinn sem hafði áhrif...

Vökublaðsins og Stúdentabréttu og lærði mikil af því sem og sjálfrí þáttökunni í stúdentapólitíkinni, því ég held að engin pólitík sé hardari en einmitt hún. Parna var verið að berjast uppá líf og dauða, gersamlega! Og lerdómurinn kom ekki síður þaðan en úr sjálfum skólanum. Þá vann ég aldrei með skólanum, nema innan skólags, því ég vildi geta sökkt mér ofan í pólitíkina. Arið 1988 fíkk ég 56.000 krónur á mánuði í námslán, í dag fengi ég um 61.000, svo ég hafði það ágætt [innskot - Neysluvíssitala hefur hækkað um 68% á sama tíma!]. Í dag finnst mér leiðinlegt að horfa uppá stúdentu þar sem þeir eru allir að vinna með náminu og hafa ekki tíma til að taka þátt í félagsstarfinu, hvort heldur í pólitíkinni eða innan nemendafélaga Háskólags. Petta er stór hluti stúdentalífsins erlendis, en vantar meira hérra heima, að fólk sé almennilega í háskólanum. Petta er ekki síður skóli heldur en námið sjálft. Annars vann ég alltaf bara two mánuði á sumrin til að fá full námslán, en tók svo þriðja mánuðinn í Inter-Rail ferðalög til Austur-eða Vestur-Evrópu.

Hvernig list bér á stúdentapólitíkina í dag, hefur hún eitthvað breyst?

Mér finnst enn mjög gaman að fylgjast með henni, sérstaklega þar sem ég hef verið formaður Nýsköpunarsjóðs námsmanna og hef eiltið starfað með Stúdentaráði, sérstaklega meðan sjóðurinn hafði aðstöðu á skrifstofu ráðsins. En hvort hún hafi breyst veit ég ekki nákvæmlega en ég held hún hafi verið hardari þá. Röskvumenn voru ennþá kallaðir kommúnistar, já sko þeir voru ekki kallaðir kommúnista, þeir voru kommúnistar! Það var einsog ein vinkona míni sagði, tveimur árum eftir að við hættum í Vöku, að hún var ekki bara sannfærð um að allir í

Röskvu væru vondir, heldur voru allir vinir þeirra, öll fjölskyldan og the extended family öll vont fólk! Þó finnst mér að fólk megi ekki skapa sér slíka óvini að þeir geti ekki unnið saman innan Vöku. Svo fórum við stjórmálafræðinamar árið 1990 til Moskva þegar Gorbatshjev var enn við völd. Um það stóðu deilur eins og allt annað, hægrimenn vildu fara til Ísrael en vinstrimenn til Moskva, þeir höfðu meirihluta og svo fór sem fór - sem betur fer! Ég er þeim ævinlega þakklátur fyrir þetta því ferðin var rosaskemmtileg. Og þegar ég fór í

atkvæðum ... þá fór ég heim og lagðist uppi rúm! Það var því pattstaða í stjórninni 15 - 15 Röskva fékk formann og framkvæmdastjóra Stúdentaráðs en Vaka Stúdentablaðið sem ég tók að mér og er því líklega síðasti Vökumaðurinn sem starfaði á skrifstofu Stúdentaráðs. Þá var Steinunn Óskarsdóttur, nú borgarfulltrúi, formaður Stúdentaráðs og Sigþór Ari Sigþórsson, verkfæðingur, var framkvæmdastjóri, en hann er gamall herbergisfélagi minn frá Laugarvatni. Í stuttu máli sagt áttum við mjög gott samstarf, þó það kæmi fyrir að hurðum væri skellt. Arið eftir náði Röskva meirihluta sem hún hefur haldið síðan.

Langaði þig aldrei inná þing?

Jú, þegar ég vildi breyta öllum heiminum. Nú vil ég miklu fremur sinna mannréttindamálum á öðrum vettvangi.

Skemmtanalífið og tíðarandinn? Varstu alltaf fullur?

Maður fór alltaf á Borgina um helgar. Alltaf á laugardögum mætti maður uppdressaður með bindi og í jakkafötum. Í Bretlandi var þetta öðruvísi. Það mætti ég á fyrsta skóladjammindi í jakkafötum með bindi, en Bretarnir höfðu farið úr gallabuxunum til að fara í rifnu gallabuxurnar! Peir alast nefnilega upp í skólabúningum og kleddu sig því eins langt frá því og hægt var. Ég var þarna gersamlega einsog hálftíti, dressaði mig upp, en Bretarnir niður! Annars snerist skemmtanalífið hér heima mikil í kringum stúdentapólitíkina. Við fórum á Borgina eins og áður sagði og þar var setið alla nöttina og deilt um stúdentapólitíkina eða plottað! Bæði var plottað gegn Röskvu en líklega aðallega innan Vöku. Svo fórum við stjórmálafræðinamar árið 1990 til Moskva þegar Gorbatshjev var enn við völd. Um það stóðu deilur eins og allt annað, hægrimenn vildu fara til Ísrael en vinstrimenn til Moskva, þeir höfðu meirihluta og svo fór sem fór - sem betur fer! Ég er þeim ævinlega þakklátur fyrir þetta því ferðin var rosaskemmtileg. Og þegar ég fór í

fyrra með stjórmálafrædinum til Brussel minnti það mig á Moskuferðina, þó það væri aðeins meira til í búðunum í Brussel! Gott dæmi um skortinn var þegar við vildum þakka leidös-gustulkunni fyrir frábært starf, það hún í einlægni sinni um hálfan sjampóbrúsa, því hún hafði ekki getað keypt sjampó í þróu á!

Stelpurnar söfnuðu síðan saman snyrtivörum til að gefa henni.

Fyrsta vinna eftir skóla.

Ég var ritstjóri Héraðsblaðsins Suðurland í nokkra mánuði og

Einn tveir þrír fíjorir fimm sex sjö átta nái tillefu tólf prettan fíjortán fimmtíð sextán

Hvað eru að lesa þessa dagana? [Nú hugsaði hann leeeeeeeengi]

Núna er ég að lesa námsbækurnar! Ég gef mér ekki nægan tíma til að lesa þessa dagana. Til dæmis er ég nána að koma mér upp órþyldju-loftneti svo ég geti lesið ennþá míma. Reyndar held ég geti sagt það, að eftir að vera í öllu þessu námi verði maður að huga því að lesa. Maður fylgist með fréttum í útvarpi sjónvarpi og blöðunum en les minna af bókum. Svo fer maður bara á netið!

Stundar þú líkamsrékt?

Pegar ég var í menntaskóla og háskóla var ég alger antisportisti. En nána reyni ég að fara daglega [innskot - endurtek: DAGLEGA!] að lyfta í salnum, eða hleyp.

Hvernig metur þú þetta skeið í lífi þínu; Háskólaárin?

Pau voru alveg frábær. Námið bötti mér skemmtileg og ekki var félagslífi verra því ég var í mjög samstilltum og góðum hóp í stjórmálafræðinni. Við vorum um tuttugu manns og höldum ennþá hópinn og hittumst allavega einu sinni á ári. Þetta er kjarninn úr þeim hóp sem fór til Moskva.

Er gaman að vera til?

Núna? [Já] Það hefur aldrei verið betra! Það hefur aldrei verið eins gaman að vera til. Takk fyrir það.

BALDUR
FRH.

Carlsberg
Líklega besti björ í heimi